

1871.

10. júlí.

nokkurn tíma. Stjórnarráðið getur því ekki betur sæð, en að afleiðingin af því, að hlutaðeigandi sveitarstjórn í þessu tilfelli hefir haft við ólöglega aðferð, sè sú, að málið verði skoðað á þá leið, sem ekkert væri úrskurðað um það, og á binn bóginn leiðir af þessu, að hin nefnda skriflega skuldbinding hlutaðeiganda sè þýðingarlaus.

14. júlí.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Útaf því, að hreppstjórinn í Kelduneshrepp í Þingeyjarsýslu hefir áfrýjað til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem fyrrum amtmáður Havstein hafði kveðið upp 3. marz f. á., og ákveður, að Þorsteinn nokkur Þórðarson sè sveitlægur í tæðum hreppi, hefir amtið í bræfi 15. maí þ. á. getið þess, að amtmáður Havstein hafi byggt á því, að tæður Þorsteinn Þórðarson hafi átt dvöl í Kelduneshrepp samfleytt í 12 ár frá skildaga 1845 til skildaga 1857, þó nefndur sveitarómagi hafi sagt svo frá við próf, sem haldið var við aukarétt Þingeyjarsýslu 3. ágúst 1869, að hann skildagaárið 1853—54 hafi dvalizt á ýmsum bæjum í Presthólahrepp, en þessi sögusögn styrkist af 3 vottorðum, sem hreppstjórnarnir í Kelduneshrepp hafa útvegað hjá ýmsum mönnum í hreppnum, þar sem á hinn bóginn ekkert það er komið fram, sem bendir á, að hann hafi haft dvöl samfleytt í Kelduneshrepp á þeim árum, sem um var getið; amtið er þess vegna á því máli, að Þorsteinn Þórðarson eigi hafi öðlazzt rétt til framfærslu í Kelduneshrepp, og að hann sè sveitlægur í Glæsibæjarhrepp í Eyjafjardarsýslu, þar sem hann er fæddur.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því beinlinis verður að sanna, að einhver hafi haft dvöl í sveit nokkurri um lögboðinn tíma, til þess að geta öðlazzt þar framfærslurétt, en þetta hefir ekki verið gjört í

þessu tilfelli, verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, sem
 amtið hefir látið í ljósi í fyrnefndu bréfi, að hlutaðeigandi hafi
 ekki náð rétti til framfærslu í Kelduneshrepp með dvöl sinni þar.

1871.

14. júlí.

**69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
 norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
 sveitarómaga.**

14. júlí.

Með bréfi 15. maí þ. á. hefir amtið sent hingað skjal
 nokkurt, þar sem hreppstjórnir í Hálshrepp hafa áfrýjað til
 dómsmálastjórnarinnar úrskurði amtsins 3. júní 1869,¹ sem ákveður,

1) Þessi úrskurður er svo látandi:

Einsog sjá má af meðlögðu bréfi frá hreppstjóranum í Öngul-
 staðahrepp, ásamt fylgiskjölum, dagsettu 8. marzm. þ. á., hefir
 hann borið undir úrskurð amtsins, hvar Benidikt nokkur Jónasson
 á Uppsölum sé sveitlægur.

Það er nú með lögmætu réttarprófi fullsannað, að Benidikt
 þessi, sem er 42 ára að aldri, hefir frá því hann var 8 ára dvalið
 í Hálshrepp innan Þingeyjarsýslu, þangað til hann vorð 1858
 fluttist í Öngulstaðahrepp, en þar hefir hann dvalið síðan, og var
 hann því í fyrra vor búinn að vera þar 10 ár samfleytt. Það er
 enn fremur sannað, að hann á þessum 10 árum hefir hjá hrepp-
 stjórunum í Hálshrepp fengið talsverðan og reglulegan sveitarstyrk,
 sem að því, er Benidikt skýrir frá, ekki hefir numið minna en
 87 rd. 48 sk., því þó hreppstjórnin í Hálshrepp hafi ekki, að
 sögn, fært styrk þenna inn í sveitarbókina, og að nokkru leyti
 reynt til að særa út hjá Benidikt endurgjald fyrir hann með því
 að taka hjá honum lífsbjargar-skepnur hans, sem hann auðsjaan-
 lega ekki mátti án vera, þá getur slíkt háttalag ekki haft þá
 réttarverkun, að Benidikt fyrir dvöl sína í Öngulstaðahrepp næði
 þar sveitfesti, því síður sem nokkur hluti af styrk þeim, sem
 hreppstjóri Öngulstaðahrepps með vitund og vilja hreppstjórnar-
 innar í Hálshrepp veitti Benidikt, með því að koma niður einu
 barni hans, ekki var endurgoldinn, þegar 10 dvalar-ár hans í
 Öngulstaðahrepp voru liðin.